

Nr. 062 / 10 Skvísa KÓ 234***Tekur niðri og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 6418
Smíðaður: Hafnarfirði 1982, plast
Stærð: 3,9 brl. 3,7 bt.
Mesta lengd: 8,08 m Skráð lengd: 7,25 m
Breidd: 2,28 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Volvo Penta 117 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 1



Skvísa©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2010 var Skvísa KÓ 234 á siglingu frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Veður: A 3-5 m/s.

Skvísa KÓ var á siglingu frá Hafnarfirði til Reykjavíkur en þegar siglt var fyrir mynni Skerjafjarðar tók báturinn niðri á Kerlingarskeri svo hann varð vélarvana. Það skipstjóri strandstöð um aðstoð til hafnar.

Það voru björgunarskipin Gróa Pétursdóttir og síðar Ásgrímur S. Björnsson sem drógu bátinn til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagði að sjókort hafi verið um borð ásamt GPS-staðsetningatæki með kortagrunni í skjá en hann hafi ekki nýtt sér þau eða sett úr í kortið stefnu né miðanir til að sannreyna staðsetningu sína á siglingunni. Hann treysti því að geta siglt eftir landsýn þar sem hann taldi sig vera staðkunnugan á þessu svæði. Það hafi verið svo gott veður og einnig hafi verið flóð og hann taldi að báturinn flyti yfir allar grynningar sem þarna voru „því hann risti svo lítið þegar hann er á plani“;
- að flóð var kl. 23:47 í Reykjavík en báturinn strandar kl. 21:33, eða rúmum tveimur tímum fyrir flóð;
- að samkvæmt ferilskráningu úr STK- kerfi fellur siglingin að lýsingu skipstjóra og sýnir að hann hafi ekki haft áhyggjur af því að það flyti ekki

yfir boðana í mynni Skerjafjarðar þ.e.a.s. Jörundarboða, Kepp og Kerlingasker (sjá kort);

- að báturinn var búinn Duo-Prop skrúfubúnaði og eyðilögðust báðar skrúfurnar þegar báturinn tók niðri.



Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök þess að báturinn tók niðri hafi verið vítavert kæruleysi við siglingu hans.